

Nd.

444. Frumvarp til laga

[126. mál]

um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. marz.)

1. gr.

Skylt er að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á öllum vélknúnum skipum, sem eru 800 rúmlestir brúttó eða stærri, annast farþega- og vöruflutninga og hafa minnst 20 manna áhöfn fyrir utan eldhús- og þjónustufólk.

Á fiskiskipum og flutningaskipum, sem eru 100 rúmlestir brúttó eða stærri, og á farþegaskipum, sem eru 100—800 rúmlestir brúttó, er skylt að hafa matsveina.

2. gr.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 1. málsg. 1. gr. skal viðkomandi hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu.

Til þess að öðlast réttindi sem matreiðslumaður samkv. 2. málsg. 1. gr. skal viðkomandi uppfylla eitthvert eftirtalinna skilyrða:

- a. að hafa sveins- eða meistararéttindi í matreiðslu;
- b. að hafa lokið 8 mánaða námskeiði við Matsveina- og veitingaþjónaskólann og starfað sex mánuði sem aðstoðarmatreiðslumaður á skipum;
- c. að hafa sótt viðurkennt matreiðslunámskeið og starfað sem matreiðslumaður á fiskiskipum samkv. 1. gr. í 18 mánuði.

3. gr.

Í Matsveina- og veitingaþjónaskólanum skulu haldin námskeið fyrir þá, sem ætla að verða brytar á farþega- og flutningaskipum, og skal ráðherra setja nánari ákvæði um tilhögun þeirra í reglugerð.

4. gr.

Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi hafa öðlazzt meistararéttindi í matreiðslu- eða framreiðsluiðn og hafa staðizt brytapróf við matsveina- og veitingaþjónaskólann.

5. gr.

Ákvæði laga þessara ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, né þeirra, sem hafa haft það starf fyrir gildistöku eitt ár eða lengur. Til að halda rétti sínum til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafizt viðurkenningar ráðuneytisins innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið getur veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum þessara laga, sé ekki unnt að fá menn til starfa, sem uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum, eða það er erfiðleikum bundið.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.